

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 28. september, var haldinn 35. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15.03. Fundinn sátu Sabine Leskopf og Tui Hirv. Einnig sátu fundinn Achola Otieno og Tómas Ingi Adolfsson sem var fundarritari. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Nichole Leigh Mosty, Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir og Renata Emilsson Peskova. Anna Kristinsdóttir sat fundinn einnig með fjarfundarbúnaði.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. september 2020, um samþykkt borgarráðs á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar. R18060129.
2. Lagt er fram bréf frá WOMEN, dags. 28. september 2020, með tilkynningu um breytingu á fulltrúum samtakanna í Fjölmeningarráði.
3. Lögð er fram tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, dags. 2. júlí 2020, um stofnun innflytjendaráðs ásamt umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 6. ágúst 2020 og umsögn fjölmeningarráðs, dags. 22. ágúst 2020. R20070029

Fjölmeningarráð samþykkir að vísa tillögunni frá.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð samþykkir að vísa tillögunni frá á grundvelli umsagnar ráðsins, dags. 22. ágúst 2020.

4. Fram fer umræða um bætt samráð við innflytjendur.
5. Lögð er fram tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 27. ágúst 2020, um átak gegn hættulegu húsnæði í borginni.

Lögð fram umsögn Fjölmeningarráðs, dags. 24. september 2020.
Samþykkt.

6. Lögð er fram skýrsla sumarstarfsfólks, dags. 14. ágúst 2020, um þjónustu stofnana í Háaleitis- og Bústaðahverfi við innflytjendur og flóttafólk.

Helga Margrét Guðmundsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

7. Lögð er fram stöðuskýrsla nr. 5, dags. 18. september 2020, frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19.

Fundi slitið kl. 16.37

Sabine Leskopf

Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir
Tui Hirv

Renata Emilsson Peskova
Nichole Leigh Mosty